





Breyting á aðalskipulagi, ferðamannaástaða í upplandi Voga



Gildandi skipulag Mkv.: 1:50.000



Breytt skipulag

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir óverulega breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 vegna aðstöðu fyrir ferðafólk við Vogagjá, Lúdent og austan Hvannfells til samræmis við tillögur að deiliskipulagi ferðahjónustusvæða í upplandi Voga. Tilfni breytingarinnar er aukinn ferðamannastraumur og þörf fyrir að koma upp lágmarksaðstöðu á helstu áningar- og áfangastöðum utan byggðar. Tilgangur með bættri aðstöðu ferðafólks er að bæta öryggi þess, bæta umgengni, minnka álag á umhverfið og auðvelda stjórn og stýringu ferðamanna í viðkvæmri náttúru.

Breytingin er í samræmi við lið 2.4 í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 um ferðahjónustu í sátt við náttúru og umhverfi: *Skipulag landnoikunar stuðli að eflingu ferðahjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðahjónustu.*

- Áform eru um að lagfæra aðgengi að baðstaðnum í Vogagjá. Mun litlum hópum verða seldur aðgangur að gjánni þannig að ferðir í gjána verði undir eftirliti. Lítið bílastæði og salernishús verður við Grjótagjárveg, um 400 m frá baðstaðnum. Svæðið er á jafri hverfisverndarsvæðis 348-Hv (Stóragjá, Grjótagjá og Varmholtsgrjá) þar sem verndarviðfang er sérstæðar jarðmyndanir og útivistargildi. Núverandi landnotkun: Landbúnaðarsvæði.
- Nýrst í Lúdentborgum þar sem vegslóði liggur til austurs að Búrfellshrauni er gert ráð fyrir áningarstað með bílastæði, snyrtihúsi og skýli/afdrepi fyrir ferðamenn. Staðurinn verður upphafsstaður gönguleiða um svæðið. Ekki er gert ráð fyrir almennri bílaumferð að staðnum þar sem vegslóðar eru einungis jeppaferir. Staðurinn er innan hverfisverndarsvæðis 354-Hv (Lúdent, Lúdentborgir, Strandarholt) þar sem verndarviðfang er sérstæðar og fjölbreyttar jarðmyndanir, landmótun og landslag og birkiskógur. Staðurinn er innan grannsvæðis vatnsverndar. Núverandi landnotkun: Óbyggt svæði.
- Austan Hvannfells er gert ráð fyrir bílastæði og kamri við upphaf gönguleiðar að Lofthelli. Þar er almennt ekki gert ráð fyrir annarri umferð ákæta á þeirri sem tilheyrir ferðahjónustu á svæðinu. Staðurinn er innan grannsvæðis vatnsverndar. Núverandi landnotkun: Óbyggt svæði.

Um hverfisverndarsvæðin gilda almenn ákvæði þar sem nýframkvæmdir eru almennt ekki heimil. Því verður skilgreind heimild til framkvæmda með sérmerktum ferðamannasvæðum (afþreyingar- og ferðamannasvæði) á sambærilegan hátt og gert er við Grjótagjá og á fleiri stöðum þar sem gert er ráð fyrir ákvæðinni landnotkun innan hverfisverndar með sérmerkingu á aðalskipulagsupprætti.

Á öllum svæðunum er gert ráð fyrir þurrsaleum og safnþróm sem verða tæmdar reglulega. Ekkert skolp fer frá salernum út í umhverfið.

Bygging nýrra bygginga, sumarhúsa eða þess háttar, innan grannsvæðis vatnsverndar eru háðar undanþágu Umhverfis- og auðlindaráðuneytis. 16. júlí 2018 féllst ráðuneytið á að veita undanþágu frá ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Í undanþágunni felst að heimilt verði að setja upp salernishús við Lofthelli og Lúdent með þurrsalemi með safntanki, sem tæmdur verður reglulega svo að losun frá saleminu út í náttúruna verði engin. Undanþágan er háð eftirfarandi skilyrðum:

- „Sveitarfélagið hefji strax vinnu við breytingar á umræddu grannsvæði vatnsverndar að höfðu samráði við Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra og því samfara ljúki sveitarfélagið breytingu á aðalskipulagi sem fyrst, þó eigi síðar en 1. febrúar 2020, þannig að fyrirhuguð salernishús, bílastæði og aðkoma að þeim verði ekki á grannsvæði vatnsverndarsvæðisins.
- Móttaka og meðhöndlun seyrur skal hafa tilskilið starfsleyfi og verði samkvæmt reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyrur.
- Landeigendur skulu tryggja að umgengni á svæðinu verði í lagi og að öðru leyti í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, með síðari breytingum.
- Fara skal að reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og tryggja að olíumengun verði ekki frá bílum innan marka vatnsverndarsvæðisins og að til sé viðbragðsáætlun við hugsanlegum óhöppum.“

Breyting á skipulagsupprætti

Ekki var gert ráð fyrir sérmerkingu ferðahjónustusvæða eða áningarstaða ferðamanna í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, sem gildandi aðalskipulag miðast við. Með aðalskipulagsbreytingu vegna sambærilegra framkvæmda í Vikraborgum í Öskju var landnotkunarflokkur afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) bætt við aðalskipulag Skútustaðahrepps.

Þrjú hringtákn merkt 380-AF, 381-AF og 382-AF eru sett inn á sveitarupprætt aðalskipulagsins.

Breyting á greinargerð

Engin breyting er gerð á almennum texta greinargerðar.

Breytt skipulag

Þremur svæðum er bætt við landnotkunartöflu í kafla 4.18 Afþreyingar og ferðamannasvæði.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
380-AF	0,2	Vogagjá	Ferðahjónustusvæði	Bílastæði. Salernishús allt að 30 m ² . Þurrsalemi. Fom og litaval falli vel að umhverfinu. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
381-AF	0,2	Áningarstaður fyrir ferðamenn við Lúdentborgir	Ferðahjónustusvæði	Bílastæði og salernishús og skýli fyrir daggesti og/öð gæslu, allt að 40 m ² samtals. Þurrsalemi. Fom og litaval falli vel að umhverfinu. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
382-AF	0,2	Áningarstaður austan Hvannfells	Ferðahjónustusvæði	Bílastæði og kamar, þurrsalemi, allt að 10 m ² . Fom og litaval falli vel að umhverfinu.

Áhrifamat

Með breytingunni eru ekki skilgreindar heimildir til framkvæmda sem falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Breytingin felur því ekki í sér heimildir til framkvæmda sem líklegar eru til að hafa umtalsverð eða óafturkræf áhrif á umhverfið. Breytingin hefur ekki áhrif á aðra landnotkun og er ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrif á einstaka aðila. Breytingin á við lítil svæði og skerðir ekki aðra nýtingarhagsmuni.

Mannvirki öll verða felld vel að landi og þannig gengið frá að ekki verði unnin spjöll á umhverfinu. Skolpi verður veitt í safntanka sem verða tæmdir reglulega þannig að ekkert álag verði á umhverfið vegna þess. Framkvæmdir eru umfangslitlar og verður hagað þannig að þær verði afturkræfar, þ.e. unnt verði að fjarlægja mannvirki og ummerki um þau.

Breytingin mun hafa jákvæð áhrif þar sem bætt aðstaða mun að öllum líkindum bæta umgengni, minnka álag á umhverfið, auka öryggi ferðamanna á svæðinu og auðvelda stýringu þeirra.

Breytingin telst því óveruleg sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og grein 4.8.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem er óveruleg sbr. ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps

24.10.2018

[Signature]
Sveitarstjóri

Afgreiðsla sveitarstjórnar var auglýst 16.1.2019

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstoðnun í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

23.01.2019

[Signature]
Sveitarstjóri

TEIKNISTOFA ARKITEKTA

GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf. arkitektar faí